

19.08.21

Fundarritari: Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi.

Um 63 gestir mættir

Fundur hófst kl 20:10

Arnór Benonýsson, oddviti - Inngangur

Fundur með landeigendum að Skjálfandafljóti. Fundur til þess að móta stefnu um framtíðaráform sameignarinnar okkar, Skjálfandafljót. Gestum verður skipt upp í umræðuhópa þar sem rætt verður út frá umræðupunktum í 45 mín. Í framhaldinu verða teknir saman umræðu punktar þar sem hópstjóri tjáir samantekt úr umræðum viðkomandi hóps. Í kjölfarið verða opnar umræður. Fundur endar á lokaorðum f.h. sveitarstjórnar.

Hilmar Gunnlaugsson, lögfræðingur - fundarstjóri

Innlegg um eignarétt, eignarétturinn er friðhelgur skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eignarland er landsvæði sem er háð einkaeignarétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignaráð. Sveitarfélagið hefur vald til þess að ákveða landnýtingu með almennum hætti, felst í skipulagsvaldi sveitarfélaga. Einkarétt má takmarka nýtingu með friðun, vernd, kvöðum eða skilyrðum um leyfi. Vald til að heimila eða banna ekki hagnýtingu á eignarlandi annars aðila, þetta vald er í höndum sveitarfélaga og stofnanna eins og til dæmis Orkustofnunar.

Umræðu hópar

Gestum skipt upp í 8 hópa með slembiaðferð – umræða í 45 mín.

Þátttakendur koma fram viðhorfum um þá 10 umræðu punkta sem teknir eru fyrir, hópstjóri hvers hóps les svo upp samantekt úr umræðum.

## 1. Hópur

Byrjuðum á punkti 3, mest sammála þar. Erum öll hlynnt búskap og viljum finna leiðir til að geta lifað betur saman í breyttu umhverfi. Að næstu tókum við punkt tvö. Menn yfirleitt hlynntir skógi, sérstaklega þar sem ekki hentar að nýta land með öðrum hætti. Svo fórum við yfir í virkjanir, sumir voru hlynntir öllum virkjunum, aðrir töldu þurfa að vanda vel til verka. Stórar virkjanir með lóni geta myndað flæðisstýringu og aukið öryggi búsetu neðar við fljótið. Sumir telja Einbúavirkjun ekki góðan kost vegna aðstæðna sem myndast í fljótinu. Tækifæri geta líka falist í óvirkjuðu fljóti og vindorku. Svo fórum við yfir í friðun og vernd og hve langt eigi að ganga. Allt í lagi að vernda með takmarkaðri nýtingu og heimildum til veiðiréttar og malartöku. Við teljum óhefðbundin búskap góðan kost, margt er að breytast og við þurfum að hugsa út fyrir rammann og hugsa upp á nýtt.

## 2. Hópur

Flestir voru nokkuð sammála um virkjanir svo lengi sem vel sé frá þeim gengið. Flestir hafa áhuga á vindorku en áhyggjur af stórum virkjunum eins og Einbúa varðandi klakastíflur og rekstur. Flestir eru hlynntir skógræktinni en viljum frekar sporna við skógrækt í grónu landi og velja fremur melana og þá hvaða tegundir eru notaðar í ræktunina. Það myndi rústa fjárbúskap ef hver bóndi ætti að girða sitt land. Þeir sem ekki eiga fé eiga að hjálpa til við að smala fé. Við viljum almennt ekki sjá fljótið friðað, en viljum að það sé gengið vel um það. Viljum ekki loka fyrir nýtingu, en teljum malartöku ekki góða. Ef verið er að taka efni úr fljótinu getur það raskað uppeldisskilyrðum. Hvað þýðir þetta með færslu óssins? Fljótið er óútreiknanlegt og fer sínu fram. Erum hlynnt því að leyfa veiði á ref áfram. Erum alveg hlynnt annarskonar ræktun eins og gróðurhúsum.

### 3. hópur

Við vorum frekar sammála á flestum sviðum, erum öll hlynnt virkjunum og sammála um að það eru miklar perlur sem þurfi að hlýða við raski. Öll á móti Hrafnabjargarvirkjun, viljum vernda Aldeyjarfoss og Goðafoss. Vorum ekki sammála um Einbúavirkjun. Hópurinn var almennt hlynntur skógrækt, en vangaveltur um staðsetningu og tegundaval og í hvernig land má gróðursetja. Við vorum öll hlynnt hefðbundnum búskap en búskapar hættir eru að breytast. Fólk velti fyrir sér hvað merkti að friða fljótið. Varðandi veiðina þá er ekki mikil hjá okkur veiðin og við sögðum bara pass þar. Almennt er fólk jákvætt malartekju en það þarf að gæta að fljótinu. Framkvæmdir við ósinn, þar sögðum við pass. Við viljum láta skjóta mink og ref. Erum öll hlynnt óhefðbundnum búskap.

### 4. hópur

Almennt var viðhorfið að virkjanir ættu að vera en Hrafnabjargarvirkjun væri ekki ákjósanlegt, menn hlynntir minni virkjunum. Skógrækt á að vera mál hvers landeigenda. Mönnum hefur verið hafnað og þykir sérstakt að hafa verið hafnað en mega brjóta tún. Varðandi hefðbundinn búskap, á sauðfjárbóndinn að passa fé sitt eða skógræktarbóndinn að passa tré sín? Eigi landið að vera í byggð þarf að þróa búskapinn, hafa heimildir og getu til þess að þróa búskap á landinu. Sex voru ekki hlynntir friðun, og enginn hlynntur friðun. Áburðargjöf á tún getur verið neikvæð fyrir veiði en skógrækt getur verið góð fyrir veiði. Virkjun getur verið góð fyrir veiði, Hrafnabjargarvirkjun getur gert fljótið að betri laxveiði á. Það á að heimila malarnám í fljótinu svo lengi sem það trufla ekki fiskgengd. Menn eiga að hafa heimild til að verja landið svo lengi sem það bitni ekki á öðrum, þ.e. leyfa breytingar á ós. Allir hlynntir refaveiðum og menn telja ræktun í gróðurhúsum æskilega. Menn jákvæðir fyrir því að hámarka nyt jarða sinni svo lengi sem lömpum yrði ekki beint í augu nágranna sinni. Menn ósáttir við beygjur hlíðskóga og útkinn, ómögulegt að rafmagn detti út í tíma og ótíma í Bárðadal. Varðandi atvinnumál þá þarf að nýta eigin til góðra verka, búskapurinn er að gefa eftir og það á ekki að hamla uppbyggingu.

### 5. hópur

Skiptar skoðanir varðandi virkjanir, stærri virkjanir er erfitt að ræða í stórum hópi og ná góðri lendingu. Mönnum finnst vert að skoða smávirkjanir og vindorku. Allir voru hlynntir skógrækt, hana þarf að skipuleggja vel, passa upp á ræktað og ræktanlegt land og velja frekar ógróið land og mela. Allir telja hefðbundinn búskap nauðsynlegan með en samgöngur þurfa að vera í lagi og mönnum bjóðandi. Varðandi friðun þá þótti mönnum friðun í heild ekki ákjósanlegur kostur, kannski frekar afmarkaða og sérstaka staði. Malartekju voru menn almennt sáttir við en þarf að vera í sátt við umhverfið og gæta að hrygningarsvæðum. Lítið rætt um framkvæmdir við ósinn. Allir voru frekar hlynntir því að halda refaveiðum áfram.

### 6. hópur

Skoðanir varðandi virkjanir voru alveg í andstæða póla, fleiri hlynntir smávirkjunum og vindmyllum. Skógræktin á að fara fram á ógrónum svæðum. Friðun: Nei. Eitthvað af framkvæmdum gæti haft jákvæð áhrif á veiði. Menn þekkja ekki til vandræða af malarnámi. Framkvæmdir við ós eru ekki óheppilegar ef þær trufla ekki aðra. Refnum þarf að halda í skefjum, óhefðubundinn búskapur heldur áfram. Óheppilegt ef gengið er á eignarrétt á landi.

## 7. hópur

Það var virkjunar vilji í þessum hópi, ekki mikil spenna fyrir vindorku. Jákvæð í garð skógræktar, helst ekki rækta skóg á ræktanlegu landi sem nýttust skepnum eða mönnum. Skjálfandafljót dreifir lúpinu og umhirða skóga á svæðinu er misjöfn. Grenndarkynningar á að halda á stórfelldri skógrækt. Varðandi búskap er ekkert sjálfsagt til lengri tíma en tryggja þarf eðlilega þróun hefðbundins búskaps. Friðun: nei. Hrafnabjargarvirkjun hefði jákvæð áhrif á fisk. Malartekjan, þekkjum ekki til þess að hún sé vandamál, teljum hana jákvæða og sjálfbæra í fljótinu. Framkvæmdir við ósinn, þekkjum ekki til en teljum mat hvers landeigenda ráða ef þarf að verja land. Ekki verja refinn, frekar fuglalífið. Óhefðbundinn búskapur er æskilegur t.d. gróðurhús með rafmagni. Lagfæra þarf veg í Bárðardal og leyfa á netaveiði í fljótinu.

## 8. hópur

Við vorum öll áhugasöm um virkjanir ef vel væri staðið að þeim, allavega þessar minni virkjanir. Viljum að landeigendur geti nýtt sínar landareignir. Skógrækt gæti haft meiri áhrif á ferðaþjónustu en virkjun. Við þurfum að virkja til þess að geta nýtt endurnýjanlega orku, hún gæti styrk minni byggðarlög. Menn hlyntir friðun Goðafoss og hún á rétt á sér við afmörkuð svæði en ekki heilt yfir. Malartekja ekki mikið rædd en samhljómur um að binda ekki hendur landeigenda umfram það sem nauðsyn krefur. Ræddum ekki önnur atriði. Varðandi friðun, viljum helst varðveita Bárðardalsveg eins og hann stendur í dag.

Samantekt hópa lokið, míkrafónn opinn til þeirra sem vilja tjá sig.

Gunnlaugur- Það er Rarik sem sér um að leggja rafstreng, ekki einstaka virkjunaraðili. Það er nóg rafmagn, t.d. eyjardalsvirkjun. Áður en covid var þurfti ég að ferðast mikið vegna vinnu, var á Indlandi, Nýju Delhi á hóteli þar sem var skjár í enda hótél rýmisins, ég lít á skjáinn og þá er myndashow í sjónvarpinu þar sem upp koma tvær myndir, ein af Goðafossi og önnur af Aldeyjarfossi. Áður voru umræður um um stórfelld virkjunar áform þar sem Ljósavatn átti að vera uppistöðulón. Hvernig verða hugmyndir næstu kynslóða, eigum við að leyfa tímanum að vinna með okkur, ég held að við ættum að draga andann djúpt varðandi þessar virkjanir og leyfa Fljótinu að njóta vafans.

Hilmar Ágústsson – Hugmyndin bakvið Einbúavirkjun var hvatning frá Orkustofnun, Eyþings og Landsvirkjunar um uppbyggingu raforkukerfisins. Hugmyndir fóru af stað 2016 og umræðan almennt góð. Þingeyjarsveit hefur takmarkað framboð af raforku. Ef Einbúavirkjun verður að veruleika verður annar tengipunktur, flýttir uppbyggingu 3ja fasa rafmagns í Bárðardal. Ef menn hafa raforku hafa menn tækifæri til að byggja upp rekstur. Svæðið hefur lengi verið skilgreint sem svæði sem er í raforku skorti. Einbúavirkjun er í raun afturkræf virkjun, hefur ekki áhrif á annað vatnasvið en það 2,5 km vatnasvið sem vatnið er leitt niður um. Bárðardalur er raskað land, það á að gefa Bárðardælingum tækifæri á að gefa fólki tækifæri á lífsviðurværi til framtíðar. Þegar forsendurnar eru til staðar þá getur fólk farið að byggja upp atvinnu.

Gunnlaugur – Rafmagn í dalinn, 3ja fasa rafmagn, ekki láta blekkjast það hefur ekkert með Einbúavirkjun að gera, við skulum líta á stóru myndina.

Hilmar Gunnlaugsson – les úr bók um kartöflur

Guðrún Tryggvadóttir – Skjálfandafljót er ekki Einbúavirkjun og Einbúavirkjun er ekki Skjálfandafljót. Væri mjög ánægjulegt ef fólk myndi tala um framtíðarsýn en ekki bítast um eina virkjun. Nú er unnið að verkefni sem gengur út á að færa gamlar hefðir í nútíma. Við erum búin að vera að vinna við að koma þessu verkefni á koppinn með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, m.a. að framleiða freyðivín úr rabbarbara. Það er ýmislegt að gerast í Bárðardal og það kemur bara ekkert virkjunum

19.08.21

við, það er ýmislegt jákvætt og skemmtilegt að gerast. Ég held að við ættum að leyfa ýmsu að njóta vafans og ekki vera að flýta okkur of mikið. Ég svo sannarlega vona að við séum ekki þau síðustu sem göngum á þessari jörð, við ættum að ræða þetta við börnin okkar.

Ó.N - Langar að tala um annað en virkjanir, hér var áðan rætt um malarnám og rétt fólk til þess að ráðskast með land. Ég er úr Svarfaðardal og hafði yndi af því að veiða í ánni. Svo hófst mikið malarnám í ánni, landeigendum þótti það sinn sjálfsagði réttur. Þetta malarnám gjöreyðilagði þessa á sem veiðiá, í dag fær maður 2 – 3 fiska með að berja ána allan daginn. Það er ekki sjálfsagt að þó þú eigir landið, að þú getir gert hvað sem er.

Sigrún frá Bólstað – Einn punktur hefur ekki komið nógu skýrt fram Náttúrufegurð fljótsins, kyrrðin og fegurðin við fljótið er mjög dýrmæt og við skulum njóta þess.

Hilmar Gunnlaugsson – Takk fyrir mig og þátttöku á fundinum, virkilega góð þátttaka og umræður, nú býð ég Arnóri að taka við.

Lokaorð

Arnór oddviti – Hér hefur verið skemmtilegt, að hlusta á umræður. Við erum upplýstari um skoðanir, tilfinningar og þannig hefur tilgangi sveitarfélagsins verið náð. Sveitarfélagið skiptist svona í megindráttum í 3 svæði, Skjálfandafljót, Verndarsvæði Mývatns og Laxár og svo Fnjóskadalur. Á þeim grunni gætum við haldið svona fundi. Það sem var gott í dag var hversu vel þessi fundur gekk og umræður opnar. Kærar þakkir fyrir fundinn, við erum upplýstari, við vinnum áfram í okkar málum. Verum stolt af sjálfum okkur, það er ekki bara náttúrufegurð við Skjálfandafljót heldur í þingeyingum líka. Svona að lokum, það er engin tilviljun að fundarstjórinn heitir Hilmar Gunnlaugsson! Fundi slitið, takk fyrir.

Fundi slitið kl 22:25